

4. Borðspil

Hversu vel þekkið þið réttindi ykkar?



Málefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	45 mínútur
Hópstærð	2–6 börn um hvert spil
Tegund verkefnis	Borðspil

Í þessu verkefni eru notuð tvö borðspil þar sem mismunandi reglur gilda; fjallað er um mannréttindi. Hægt er að spila þau bæði á spilaborðinu sem börnin fá afhent. Börnin geta spilað sjálf en leiðbeinandi þarf að hjálpa þeim og stýra samantektinni.

4a. Þekkið þið réttindi ykkar?

Yfirlit	Líkt og í „slönguspili“ færast börnin fram um einhverja reiti eða aftur á bak eftir því hvaða spjald þau draga. En í þessum leik geta þau þó verið kyrr á sama reitnum þótt þau dragi neikvætt spjald ef þau geta nefnt þau réttindi sem brotið er á.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að kynna Barnasáttmálann • Að sýna börnum hvernig mannréttinda skal gætt í daglegu lífi • Að vekja skilning á mannréttindamálum
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Gættu þess að þú þekkir þau málefni sem fjallað er um áður en hafist er handa til að geta svarað spurningum • Ljósritaðu spilaborðið sem fylgir með og dreifðu því til barnanna • Ljósritaðu leiðbeiningarnar og listann yfir „réttindi sem leyfa kyrrstöðu“ • Ljósritaðu réttindaspjöldin og refsispjöldin, eitt sett fyrir hvern hóp • Ljósritaðu stytta útgáfuna af Barnasáttmálanum
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Spilaborð, spilamenn og teningar • Leikspjöld • Blað með leiðbeiningum og listi yfir réttindi sem leyfa kyrrstöðu

Leiðbeiningar

1. Skiptu börnunum í tveggja til sex manna hópa og láttu hvern hóp fá spilaborð, spilamenn, tening, bunka af réttindaspjöldum og refsispjöldum, leiðbeiningablað og lista yfir „réttindi sem leyfa kyrrstöðu“. Láttu einnig hvern þátttakanda fá ljósrit af stytta útgáfunni af Barnasáttmálanum. Í þessum leik eiga börnin ekki að nota slöngurnar og stigana á spjaldinu heldur einungis dökklituðu reitina. Á leikspjöldunum sjá börnin hvað þau eiga að gera.
2. Útskýrðu leikinn:
 - a. Kastið teningnum. Sá sem fær hæstu töluna á að byrja.
 - b. Sá sem byrjar kastar teningnum og færir sinn mann fram um jafn marga reiti og teningurinn segir til um.
 - c. Lendi hann á lituðum reit tekur hann spjald og les upphátt það sem stendur á því og fer eftir leiðbeiningunum. Hann gæti átt að færa sig áfram eða aftur á bak, eða sleppa einni umferð.
 - d. En leikmaðurinn þarf ekki að bakka ef hann getur nefnt þá grein Barnasáttmálans sem brotið er á. Auk þess má hann þá færa sig fram um einn reit.



- e. Sá sem er vinstra megin við þann sem byrjaði gerir svo næst.
- f. Sá sem fyrstur kemur í mark stendur uppi sem sigurvegari en halda skal leiknum áfram þar til allir eru komnir í mark.

Samantekt og mat

Ræddu um verkefnið og spyrðu spurninga á borð við:

- a. Hvað fannst ykkur um þennan leik?
- b. Lærðuð þið eitthvað nýtt um mannréttindi? Um lífið og tilveruna almennt?
- c. Komu einhverjar aðstæður ykkur einkennilega eða ókunnuglega fyrir sjónir?
- d. Detta ykkur í hug einhverjar slíkar aðstæður, þar sem mannréttindi voru virt og þar sem þau voru brotin?

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Börnin geta verið með listann yfir réttindin sem leyfa kyrrstöðu og Barnasáttmálann ef þau vilja, einnig getur leiðbeinandinn verið með listann.
- Fyrir yngstu börnin: Sleppa skal greinum sem leyfa kyrrstöðu.
- Þar sem börnin spyrja margs um þær aðstæður sem upp koma er mælt með því að leiðbeinandinn sé með aðstoðarmann sér við hlið ef nokkrir hópar eru að leik í einu.
- Börnin gætu skipt sér í hópa og hjálpað hvert öðru að finna hvaða réttindi það eru sem leyfa kyrrstöðu.

EFNI TIL DREIFINGAR: RÉTTINDASPJÖLD

RÉTTINDASPJALD 1

Foreldrar vinar þíns skildu í sumar en vinur þinn býr samt hjá þeim til skiptis, eina viku í senn, því að þannig vildi hann/hún hafa það. Fara fram um 2 reiti.

12. gr. Barnasáttmálans, réttur til að láta í ljós skoðanir sínar:

Börn eiga rétt á því að tjá skoðanir sínar og segja það sem þeim finnst þegar fullorðnir taka ákvarðanir sem varða líf þeirra; þau eiga einnig rétt á að tekið sé tillit til skoðana þeirra.

RÉTTINDASPJALD 2

Þú fékkst að vita að ef þú lendir í alvarlegum erfiðleikum getur þú ávallt beðið um hjálp. Ef þú hringir í neyðarnúmerið og skýrir frá aðstæðum geta yfirvöld komið þér í samband við félagasamtök sem hjálpa börnum sem hafa verið yfirgefin, vanrækt eða eiga við aðra erfiðleika að etja. Fara fram um 2 reiti.

19. gr. Barnasáttmálans, vernd gegn ofbeldi og vanrækslu:

Yfirvöld eiga að tryggja að vel sé annast um börn og vernda þau gegn ofbeldi, illri meðferð og vanrækslu foreldra eða annarra sem eiga að sjá um þau.

36. gr. Barnasáttmálans, vernd gegn annars konar misnotkun:

Vernda skal börn gegn hvers kyns aðgerðum sem kunna að skaða þau, og hafa áhrif á þroska þeirra og velferð.

RÉTTINDASPJALD 3

Í bekknum sem vinur þinn er í fá börn sem eiga erfitt með að læra sérstaka aðstoð hjá kennurunum. Fara fram um 2 reiti.

23. gr. Barnasáttmálans, fötluð börn:

Börn sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða þurfa sérstaka umönnun, stuðning og menntun svo að þau geti lifað eins góðu og sjálfstæðu lífi og unnt er.



EFNI TIL DREIFINGAR: RÉTTINDASPJÖLD

RÉTTINDASPJALD 4

Skólastjórinn komst að því að nokkur börn mættu ekki í skólann vegna þess að foreldrar þeirra eru ekki með landvistarleyfi hér. Skólastjóranum tókst að komast í samband við foreldrana og fékk þá til að senda börnin í skólann. Fara fram um 2 reiti.

28. gr. Barnasáttmálans, rétturinn til menntunar:

Börn eiga rétt á menntun, þ.e. að ganga í skóla. ... Grunnskólanám á ekki að kosta neitt.

RÉTTINDASPJALD 5

Dú átt rétt á að vita hvaða mannréttinda þú nýtur. Fara fram um 4 reiti.

29. gr. Barnasáttmálans, markmið menntunar:

Menntun á að stuðla að því að barnið, persónuleiki þess og hæfileikar, nái að þroskast til fulls. Menntun skal búa börnin undir lífið fram undan og stuðla að því að börn virði foreldra sína og eigin menningu jafnt sem menningu annarra þjóða.

RÉTTINDASPJALD 6

Kennararnir í skólanum okkar mega ekki beita börn líkamlegum refsingum eða misbjóða þeim, jafnvel þótt þau hafi hegðað sér illa. Fara fram um 2 reiti.

28. gr. Barnasáttmálans, rétturinn til menntunar:

Agareglur í skólum eiga að vera á þann veg að börnum sé sýnd virðing; þær skulu kveða á um að (líkamlegu eða andlegu) ofbeldi sé ekki beitt.

RÉTTINDASPJALD 7

Mikið er af stigum og tröppum í skólanum þínum, en einnig lyftum og hjólastólabrautum til að fólk sem á erfitt um gang og notar hjólastóla geti komist á milli staða. Fara fram um 3 reiti.

23. gr. Barnasáttmálans, fötluð börn:

Börn sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða þurfa sérstaka umönnun, stuðning og menntun til að þau geti lifað eins góðu og sjálfstæðu lífi og unnt er.

RÉTTINDASPJALD 8

Pabbi vinar þíns lenti í alvarlegu slysi og var lengi frá vinnu. Á meðan hann var að ná sér fékk fjölskyldan fjárhagsaðstoð hjá hinu opinbera til að hún gæti keypt sér mat og borgað húsaleigu. Fara fram um 2 reiti.

26. gr. Barnasáttmálans, félagsleg aðstoð:

Samfélagið sem barnið býr í skal sjá til þess að það njóti almannakerfisins (menntunar, menningar, næringar, heilbrigðis og félagslegrar velferðar) sem stuðlar að því að það þroskist og lifi góðu lífi. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fátækar fjölskyldur fái barnapeninga.

RÉTTINDASPJALD 9

Dú kemst að því að réttindi þín skulu vernduð, jafnvel á ófriðartímum, og sérstakt samkomulag tryggir að svo verði gert. Fara fram um 2 reiti.

38. gr. Barnasáttmálans, vernd barna sem lifa við vopnuð átök:

Stjórnvöld skulu ekki heimila að börn innan 15 ára aldurs gerist hermenn eða taki að neinu leyti beinan þátt í átökum. Börn á stríðssvæðum eiga enn fremur að njóta sérstakrar verndar.



EFNI TIL DREIFINGAR: RÉTTINDASPJÖLD

RÉTTINDASPJALD 10

Í bænum eru barnabókasöfn og tímarit, bíómyndir, leikir og sjónvarpsþættir ætlaðir börnum svo að þú getir fylgst með því sem er að gerast í heiminum. Fara fram um 2 reiti.

13. gr. Barnasáttmálans, upplýsinga- og tjáningarfrelsi:

Börn eiga rétt á að leita, fá og miðla upplýsingum á öllum sviðum (myndrænum, rituðum, í sjónvarpi og rafrænum ...) svo framfarlega sem upplýsingarnar skaða hvorki þau sjálf né aðra.

RÉTTINDASPJALD 11

Óheppni! Þú þarft að fara í uppskurð. En heppnin er samt með þér: þú átt rétt á sérstakri vernd og umönnun, jafnvel að hafa annað foreldri þitt eða einhvern sem þér þykir vænt um hjá þér. Fara fram um 2 reiti.

24. gr. Barnasáttmálans, læknishjálp og heilsuvernd:

Börn eiga rétt á fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu, þ.e. lyfjum, sjúkrahúsvist og læknishjálp þegar þau eru veik. Börn eiga einnig rétt á hreinu vatni, næringarríkri fæðu og hreinu umhverfi svo að þau verði heilbrigð. Ríku löndin ættu að hjálpa hinum fátækari á þessu sviði.

EFNI TIL DREIFINGAR: REFSISPJÖLD

REFSISPJALD 1

Einn vina þinna týnir öðrum skónum sínum og á ekki peninga til að kaupa sér nýtt skópar. Börn mega ekki vera berfætt í skólanum. Fara aftur á bak um 2 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 2

Foreldrar skólafélaga þíns eru rómafólk. Fjölskylda hans á erfitt með að finna sér stað til að búa á því að fólk segir: „Þau eru öðruvísi en við.“ Fara aftur á bak um 4 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 3

Þú fékkst að vita að í sumum löndum eru börn neydd til að taka þátt í vopnuðum átökum. Þau eru svöng, þyrst og skelfingu lostin. Fara aftur á upphafsreit.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 4

Ein stelpa í skólanum þínum er fyrrsæta. Hún fær há laun og myndir af henni birtast í ýmsum blöðum. En hún missir oft af kennslustundum og hefur ekki tíma til að vinna heimaverkefni sín eða leika við vini sína. Hún er mjög þreytuleg. Fara aftur á bak um 2 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

EFNI TIL DREIFINGAR: RÉTTINDASPJÖLD

REFSISPJALD 5

Við megum bara tala þjóðtungu landsins í skólanum mínum. Erlendum börnum er refsað ef þau tala eigið tungumál, jafnvel á skólalóðinni. Sleppa einni umferð.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 6

Það er skóli í hverfinu þínu sem tekur á móti börnum úr ýmsum trúfélögum en börn sem tilheyra ekki neinu trúfélagi eru ekki velkomin þar. Sleppa einni umferð.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 7

Foreldrar skólafélaga þíns skildu á síðastliðnu ári. Núna hefur mamma hans bannað honum að hitta pabba sinn og jafnvel afa sinn og ömmu líka. Hann saknar pabba síns mikið. Fara aftur á bak um 3 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 8

Það er stelpa í bekknum sem hefur aldrei tíma til að leika sér að skóladegi loknum eða læra heima vegna þess að hún þarf að passa yngri systkini sín. Fara aftur á bak um 3 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 9

Strákur í bekknum þínum neitar að ganga frá eftir hádegismatinn og segir að það sé „stelpuvinna.“ Fara aftur á bak um 2 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?

REFSISPJALD 10

Strákarnir í skólanum þínum eru með fótboltalið og geta valið um ýmis íþróttafélög en stelpunum stendur ekkert til boða. Fara aftur á bak um 2 reiti.

ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI SEM HINDRA ÞESSA REFSINGU?



EFNI TIL DREIFINGAR: LISTI YFIR RÉTTINDI SEM HINDRA REFSINGAR

REFSISPJALD 1

Einn vina þinna týnir öðrum skónum sínum og á ekki peninga til að kaupa sér nýtt skópar. Börnum er bannað að vera berfætt í skólanum. Fara aftur á bak um 2 reiti.

RÉTTINDI: 27. gr. Barnasáttmálans. Viðunandi lífsskilyrði:

Börn eiga að njóta góðra lífsskilyrða þar sem séð er fyrir andlegum og líkamlegum þörfum þeirra. Stjórnvöld ættu að hjálpa fjölskyldum sem hafa ekki efni á að sjá þannig fyrir börnum sínum.

REFSISPJALD 2

Foreldrar skólafélaga þíns eru rómafólk. Fjölskylda hans á erfitt með að finna sér stað til að búa á því að fólk segir: „Þau eru öðruvísi en við.“ Fara aftur á bak um 4 reiti.

RÉTTINDI: 2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun:

Réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum gilda um börn, óháð kynþætti, litarhætti, kyni, hæfni, hvað svo sem þau hugsa eða segja, hvaða tungumál sem þau tala og hvaðan sem þau koma, og ríkinu ber að vernda þau gegn hvers kyns mismunun.

REFSISPJALD 3

Þú fékkst að vita að í sumum löndum eru börn neydd til að taka þátt í vopnuðum átökum. Þau eru svöng, þyrst og skelfingu lostin. Fara aftur á upphafsreit.

RÉTTINDI: 38. gr. Barnasáttmálans. Vernd barna sem lifa við vopnuð átök:

Stjórnvöld skulu ekki heimila börnum innan 15 ára aldurs að gegna herþjónustu eða taka að neinu leyti þátt í átökum. Börn á stríðssvæðum eiga enn fremur að njóta sérstakrar verndar.

REFSISPJALD 4

Ein stelpa í skólanum þínum er fyrirseta. Hún fær há laun og myndir af henni birtast í ýmsum blöðum. En hún missir oft af kennslustundum og hefur ekki tíma til að vinna heimaverkefni sín eða leika við vini sína. Hún er mjög þreytuleg. Fara aftur á bak um 2 reiti.

RÉTTINDI: 32. gr. Barnasáttmálans. Vinnuvernd:

Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn störfum sem eru hættuleg, geta skaðað heilsu þeirra eða hindrað að þau stundi nám, eða leitt til þrælkunar.

REFSISPJALD 5

Við megum bara tala þjóðtungu landsins í skólanum mínum. Erlendum börnum er refsað ef þau tala eigið tungumál, jafnvel á skólalóðinni. Slepptu einni umferð.

RÉTTINDI: 29. gr. Barnasáttmálans. Markmið menntunar:

Menntun á að stuðla að því að barnið, persónuleiki þess og hæfileikar, nái að þroskast til fulls. Menntun skal búa börnin undir lífið fram undan og stuðla að því að börn virði foreldra sína og eigin menningu, jafnt sem menningu annarra þjóða.

EÐA**30. gr. Barnasáttmálans. Minnihlutahópar:**

Börn eiga rétt á að læra og tala tungumál fjölskyldu sinnar og fylgja siðvenjum hennar, hvort sem hún tilheyrir meirihluta þjóðarinnar eða ekki.



EFNI TIL DREIFINGAR: LISTI YFIR RÉTTINDI SEM HINDRA REFSINGAR

REFSISPJALD 6

Það er skóli í þínu hverfi sem tekur á móti börnum úr ýmsum trúfélögum en börn sem eru ekki í neinu trúfélagi eru ekki velkomin þar. Slepptu einni umferð.

RÉTTINDI 14. gr. Barnasáttmálans. Skoðana- og trúfrelsi:

Börn eiga rétt á að hugsa og aðhyllast þau trúarbrögð sem þau vilja, og iðka trú sína svo fremi sem þau koma ekki í veg fyrir að annað fólk njóti réttinda sinna. Foreldrar skulu leiðbeina börnum sínum á þessu sviði.

EÐA

2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun:

Réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum gilda um öll börn, óháð kynþætti, litarhætti, kyni, hæfni, hvað svo sem þau hugsa eða segja, hvaða tungumál sem þau tala og hvaðan sem þau koma, og ríkinu ber að vernda þau gegn hvers kyns mismunun.

REFSISPJALD 7

Foreldrar skólafélaga þíns skildu á síðastliðnu ári. Núna hefur mamma hans bannað honum að hitta pabba sinn og jafnvel afa sinn og ömmu. Hann saknar pabba síns mikið. Fara aftur á bak um 3 reiti.

RÉTTINDI: 9. gr. Barnasáttmálans. Aðskilnaður frá foreldrum:

Barn ætti ekki að aðskilja frá foreldrum sínum nema það sé því fyrir bestu, til dæmis ef foreldri misþyrmir því eða vanrækir það. Ef foreldrar barns skilja á það rétt á að vera í samskiptum við báða foreldra sína, nema slíkt valdi barninu skaða. Stjórnvöldum ber skylda til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um þann fjölskyldumeðlim sem ekki er til staðar.

REFSISPJALD 8

Það er stelpa í bekknum sem hefur aldrei tíma til að leika sér að skóladegi loknum eða læra heima vegna þess að hún þarf að passa yngri systkini sín. Fara aftur á bak um 3 reiti.

RÉTTINDI: 31. gr. Barnasáttmálans. Hvíld og tómstundir:

Öll börn eiga rétt á að hvíla sig og leika sér og taka þátt í alls kyns tómstunda- og menningarstarfi.

EÐA

32. gr. Barnasáttmálans. Vinnuvernd:

Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn störfum sem eru hættuleg, geta skaðað heilsu þeirra eða hindrað að þau stundi nám, eða leitt til þrælkunar.

REFSISPJALD 9

Strákur í bekknum þínum neitar að ganga frá eftir hádegismatinn og segir að það sé „stelpuvinna“. Fara aftur á bak um 2 reiti.

RÉTTINDI: 2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun:

Réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum gilda um öll börn, óháð kynþætti, litarhætti, kyni, hæfni, hvað svo sem þau hugsa eða segja, hvaða tungumál sem þau tala og hvaðan sem þau koma, og ríkinu ber að vernda þau gegn hvers kyns mismunun.

REFSISPJALD 10

Strákarnir í skólanum þínu eru með fótboltið og geta valið um ýmis íþróttafélög en stelpunum stendur ekkert til boða. Fara aftur á bak um 2 reiti.

RÉTTINDI: 2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun:

Réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum gilda um öll börn, óháð kynþætti, litarhætti, kyni, hæfni, hvað svo sem þau hugsa eða segja, hvaða tungumál sem þau tala og hvaðan sem þau koma, og ríkinu ber að vernda þau gegn hvers kyns mismunun.



4b. Moksha-Patamu

Yfirlit	Upprunalega er þetta indverskur leikur til að fræða fólk um trúarbrögð; leikmenn geta náð árangri í lífinu; þeim getur líka mistekist það. Í þessu verkefni hefur leiknum verið breytt þannig að með því að virða mannréttindi gengur allt betur.
Markmið	Að leggja áherslu á jákvæð áhrif mannréttinda
Undirbúningur	Ljósrita og klippa út leikspjöldin og stækka spilaborðið
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• Spilaborð• Leikspjöld• Teningar og spilamenn

Leiðbeiningar

1. Skiptu börnunum í sex manna hópa og láttu hvern hóp fá spilaborð, spilamenn og tening.
2. Útskýrðu verkefnið fyrir þeim:
 - a. Kastið teningnum. Það barn sem fær hæstu töluna hefur leikinn.
 - b. Það kastar teningnum og færir sig fram um jafn marga reiti og teningurinn segir til um.
 - c. Næsta skref fer eftir því á hvaða reit spilamaðurinn lendir:
 - i. Ef leikmaður lendir á reit með neðsta þrepinu í stiga, þá hoppar hann upp í reitinn þar sem efsta þrepið er.
 - ii. Ef leikmaður lendir á reit með snákshala dettur hann niður í reitinn þar sem snákshausinn er.
 - iii. Ef leikmaðurinn lendir á dökkklituðum reit tekur sá sem situr vinstra megin við hann upp spjald og les upphátt hvað á því stendur. Leikmaðurinn skal svara því hvort hann haldi að það sem stendur á spjaldinu sé rétt eða rangt.
 - iv. Ef svar leikmannsins er ekki rétt verður hann eða hún kyrr á sama reit. Leikmaður sem svarar rétt má færa sig fram um tvo reiti. Ef hann getur nefnt þá grein Barnasáttmálans sem kveður á um eða verndar viðkomandi réttindi má hann færa sig fram um einn reit. Ekki þarf að svara nákvæmlega númer hvað greinin er.
 - v. Hinir þátttakendurnir gera síðan hver á eftir öðrum.
 - d. Leiknum lýkur þegar einhver kemst á lokareitinn eða fær upp tölu á teningnum sem fleytir honum fram yfir lokareitinn.

Samantekt og mat

1. Spjallaðu um verkefnið og tengdu það mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Hvernig fannst ykkur þetta verkefni?
 - b. Hvernig hjálpaði vitneskjan um mannréttindi ykkur að klifra upp stigann?
 - c. Hvernig hjálpar þekking á mannréttindum ykkur í daglegu lífi? Hvernig kemur slík þekking öðrum til hjálpar?
 - d. Hvað gerist í samfélaginu ef fólk veit ekki hvaða mannréttinda það nýtur? Hvað gerist þegar flestir vita hvaða mannréttinda þeir njóta?

Tillögur um framhald

Láttu börnin fá ljósrit af styttri útgáfu Barnasáttmálans og segðu þeim að setja fram eigin hugmyndir og búa til spjöld þar sem þau byggja á eigin reynslu. Síðan eiga þau að spila aðra umferð og nota spjöldin sem þau bjuggu til.



Hugmyndir um aðgerðir

Tengdu spjöldin reynsluheimi barnanna. Ræddu við þau um hvað hægt sé að gera þegar ofbeldi eins og þar er getið um á sér stað. Hverjir standa með þeim þegar þau krefjast réttar síns?

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Í samantektinni skaltu hvetja börnin til að hugsa um raunverulega reynslu sína, fyrst og fremst ofbeldi, einelti og óréttlæti eða ósanngirni sem þau hafa orðið fyrir eða verið vitni að.
- Ljósritaðu spilaborðið og gefðu börnunum eintök svo að þau geti farið í þennan leik með fjölskyldu sinni og vinum.

EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD

Ljósritaðu þessi spjöld og klipptu þau út eða gerðu önnur hliðstæð fyrir hópinn.

Staðhæfing: Sá sem giftir sig er ekki lengur barn.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

1. grein Barnasáttmálans. Hugtakið barn: Litið er á alla undir 18 ára aldri sem börn og þeir njóta þar með allra réttinda sem kveðið er á um í þessum sáttmála.

Staðhæfing: Öll börn njóta sömu mannréttinda, hvort sem þau eða foreldrar þeirra eru þegar tiltekens ríkis eða ekki.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun: Réttindin sem Barnasáttmálinn kveður á um gilda um alla ... hvaðan sem þeir koma og ríkinu ber að vernda börn gegn mismunun.

Staðhæfing: Stelpur mega aðeins leika sér á fótboltavellinum ef strákarnir eru ekki að nota hann.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

2. gr. Barnasáttmálans. Bann við mismunun: Réttindin sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum gilda um öll börn, óháð kynþætti, litarhætti, kyni, hæfni, hvað svo sem þau hugsa eða segja, hvaða tungumál sem þau tala og hvaðan sem þau koma, og ríkinu ber að vernda þau gegn hvers kyns mismunun.

Staðhæfing: Ef þú fremur glæp væri hægt að setja þig í fangelsi með fullorðnum afbrotamönnum.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

37. gr. Barnasáttmálans. Frelsisvipting, ill meðferð og refsingar:

Börn sem brjóta lög skal ekki beita harðræði. Ekki skal setja þau í fangelsi með fullorðnum og þau eiga að fá að hafa samband við fjölskyldu sína.

Staðhæfing: Bókasafnsfræðingurinn á skólasafninu leyfir mér að fá lánaðar allar bækur sem ég vil.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

17. gr. Barnasáttmálans.

Aðgangur að upplýsingum: Börn eiga rétt á áreiðanlegum upplýsingum úr ýmsum áttum, meðal annars fjölmiðlum. Veita ætti upplýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum sem börn geta skilið, og ekki að birta þar efni sem skaðað getur börn.

Staðhæfing: Verksmiðja í nágrenninu gefur frá sér daunillar lofttegundir sem valda fólki óþægindum og hósta.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

24. gr. Barnasáttmálans.

Heilsuvernd barna: Börn eiga rétt á fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu, þ.e. lyfjum, sjúkrahúsvist og læknishjálpi, þegar þau eru veik. Börn eiga einnig rétt á hreinu vatni, næringarríkri fæðu og hreinu umhverfi svo að þau verði heilbrigð. Ríku löndin ættu að hjálpa hinum fátækari á þessu sviði.



EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD

Staðhæfing: Aðeins faðir þinn getur ákveðið hvað er þér fyrir bestu.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

18. gr. Barnasáttmálans.

Uppeldi og þroski: Báðir foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu ávallt hafa í huga hvað barninu er fyrir bestu. Stjórnvöld skulu veita foreldrum aðstoð, einkum ef báðir foreldrar eru útvinnandi.

Staðhæfing: Ég get gengið í skóla með hinum krökkunum í hverfinu þó að ég sé í hjólastól. Skólinn á að sjá til þess að þar sé hjólastólabraut.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

23. gr. Barnasáttmálans.

Fötluð börn: Börn sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða þurfa sérstaka umönnun, stuðning og menntun til að þau geti lifað eins góðu og sjálfstæðu lífi og unnt er.

Staðhæfing: Tölvurnar í skólunum okkar loka á sumar Internetsíður.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

17. gr. Barnasáttmálans.

Aðgangur að upplýsingum: Börn eiga rétt á áreiðanlegum upplýsingum úr ýmsum áttum, meðal annars fjölmiðlum. Upplýsingaveitur eiga að veita upplýsingar sem börn geta skilið, og ekki að birta þar efni sem skaðað getur börn.

Staðhæfing: Sums staðar þurfa börn, einkum drengir, að gegna herþjónustu.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

38. gr. Barnasáttmálans.

Vernð barna sem lifa við vopnuð átök: Stjórnvöld skulu ekki heimila börnum innan 15 ára aldurs að gegna herþjónustu eða taka þátt í átökum. Börn á stríðssvæðum eiga enn fremur að njóta sérstakrar verndar.

Staðhæfing: Þegar barn fæðist skulu foreldrar gefa því nafn og láta skrá fæðingu þess.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

7. gr. Barnasáttmálans.

Réttur til nafns, ríkisfangs og umönnunar foreldra : Öll börn eiga rétt á nafni sem skráð er í þjóðskrá; þau eiga rétt á ríkisfangi; og einnig að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Staðhæfing: Foreldrar mínir leyfa sextán ára gömlum bróður mínum að horfa á allt sem hann vill í sjónvarpinu en banna mér að horfa á sumt því að ég er bara tíu ára.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

5. gr. Barnasáttmálans. Ábyrgð foreldra:

Fjölskyldan ber fyrst og fremst ábyrgð á því að kenna barninu að njóta réttinda sinna í samræmi við aldur þess og þroska. Stjórnvöldum ber að virða þessi réttindi.

Staðhæfing: Foreldrar mínir lesa allan póst til mín áður en ég fæ að sjá hann, þó að ég sé orðinn þrettán ára.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

16. gr. Barnasáttmálans.

Friðhelgi fjölskyldu og einkalífs: Börn eiga rétt á einkalífi. Löggin eiga að vernda þau gegn árásum á lífshætti þeirra, mannorð, fjölskyldu, heimili, sendibréf og póstsendingar.

Staðhæfing: 8. bekkur gefur út blað vikulega og dreifir því í hverfinu.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

13. gr. Barnasáttmálans.

Tjáningarfrelsi: Börn hafa rétt á að hafa eigin skoðanir og segja hvað sem er; enginn ætti að banna þér það. Þú átt að geta miðlað hugmyndum þínum og sagt álit þitt hvar og hvenær sem er.

Staðhæfing: Mamma mín starfar sem stendur í öðru landi en í hverjum mánuði kemur hún annaðhvort heim eða við pabbi förum og heimsækjum hana.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

10. gr. Barnasáttmálans.

Endurfundur fjölskyldu: Fjölskyldum sem búa í fleiri en einu landi á að vera heimilt að ferðast milli viðkomandi landa og börn eiga að fá að vera í sambandi við báða foreldra sína.



EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD

Staðhæfing: Mér og vinum mínum er bannað að tala móðurmál okkar í skólanum.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

30. gr. Barnasáttmálans.

Minnihlutahópar: Börn eiga rétt á að tala tungumál fjölskyldu sinnar og fylgja siðvenjum hennar, hvort sem hún tilheyrir meirihluta þjóðarinnar eða ekki.

Staðhæfing: Ég á rétt á nafni, ríkisfangi og fjölskyldu.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

8. gr. Barnasáttmálans.

Réttur til að halda persónulegum auðkennum:

Stjórnvöldum ber að virða rétt barna til nafns, ríkisfangs og fjölskyldutengsla. Stjórnvöldum ber skylda til að vernda sjálfsmynd barna og sjá til þess að þau endurheimti hana.

Staðhæfing: Ekki skal beita börn, sem hegða sér illa í skóla, líkamlegri refsingu af neinu tagi.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

28. gr. Barnasáttmálans.

Réttur til menntunar: Börn eiga rétt á menntun, þ.e. að ganga í skóla. Agareglur í skólum eiga að vera á þann veg að börnum sé sýnd virðing; þær skulu kveða á um að ofbeldi sé ekki beitt.

Staðhæfing: Fjölskylda mín flúði hingað vegna stríðsátaka í heimalandi okkar. En börnum flóttamanna, eins og mér, er ekki leyft að ganga í skóla hérna.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

22. gr. Barnasáttmálans.

Börn sem flóttamenn: Börn flóttamanna skulu njóta sérstakrar verndar. Þau eiga að njóta sömu réttinda og þau börn sem fædd eru í viðkomandi landi.

Staðhæfing: Ég á rétt á að fá að hitta báða foreldra mína, þó að þeir búi ekki lengur saman.

Svar: Rétt/ Mannréttindi

9. gr. Barnasáttmálans.

Aðskilnaður frá foreldrum:

Barn ætti ekki að aðskilja frá foreldrum sínum nema það sé því fyrir bestu, til dæmis ef foreldri misþyrmir því eða vanrækir það. Ef foreldrarnir skilja á barnið rétt á að vera í samskiptum við báða foreldra sína, nema slíkt valdi því skaða.

Staðhæfing: Ég missi mikið úr í skólanum vegna þess að ég þarf að passa litla bróður minn þegar hann er veikur og mamma þarf að fara í vinnuna.

Svar: Rangt/ Brot á mannréttindum

32. gr. Barnasáttmálans.

Vinnuvernd: Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn störfum sem eru hættuleg, geta skaðað heilsu þeirra eða hindrað að þau stundi nám, eða leitt til þrælkunar.



